

Bæta við undirskrift á kvittun

Síðast uppfært 09/09/2026 1:37 pm BST

Það er hægt að bæta við línu fyrir undirskrift inn á kvittanir sem prentast út frá sölukerfi SalesCloud. Fylgdu þessum skrefum til að bæta því við.

1. Farðu í þrjá punktana uppi í hægra horninu
2. Smelltu á Settings
3. Smelltu á Payment methods
4. Finndu greiðslumátann sem þú vilt uppfæra.
5. Hakaðu við neðstu línuna "Require Signature"

Þegar það er komið þá þarf að gera log out / log in tvisvar sinnum svo að greiðslumátinn uppfærist.
